

Inn á hamfarasvæðið

Eftir Orra Pál Ormarsson orri@mbli.is

Útvega þarf Ólafi Þór Haukssyni almenningleg skrifað eigi það ekki hreinlega að svigna undan þeim verkefnum sem hann á fyrir hönd. Ólafur tekur í dag við sérstöku rannsóknar- og saksóknaraembætti sem stofnað var með lögum í lok síðasta árs og á að rannsaka

grun um refsiverða háttsemi í aðdraganda, tengslum við og kjölfar bankahrúnins, hvort sem það tengist starfsemi fjármálafrirtækja, annarra lögaðila eða einstaklinga, og eftir atvikum fylgja rannsókn eftir með saksókn. Á umliðnum vikum hefur verið fjallað um fjölmörg mál í fjölmiðlum, þar sem áhöld eru um hvort saknæmt athæfi hafi átt sér stað. Á þessu stigi kveðst Ólafur ekki vera í aðstöðu til að hafa skoðun á þeim málum enda ekki búið að leggja þau formlega upp við embættið.

„Það sem ég byrja á að gera er að reyna að varpa ljósi á stærri myndina, þ.e. hvað gerðist í raun og veru síðastliðið haust þegar bankakerfi landsins fór á hliðina. Í framhaldi af því munum við setja okkur í samband við þær stofnanir sem löggin segja okkur að við eigum að hafa samstarf við og langlíklegast er að málin komi frá og byggja upp gott samstarf við þær.“
Meta umfang várinnar
Ólafur segir ekki liggja fyrir hver starfs-

mannafjöldi embættisins verður. „Við byrjum nokkrir karlar á þessari könnunarvinnu. Það má kannski líkja þessu við það þegar lögregla fer inn á stórt hamfarasvæði. Þá eru sendir inn á svæðið nokkrir aðilar sem kallaðir eru undanfarar. Þeir horfa ekki á einstök mál heldur reyna að meta umfang várinnar og hvernig bregðast eigi við. Við erum í þeim sporum í dag að byggja embættið upp í samræmi við þörf og kröfur,“ segir Ólafur.
Hann segir þessa rannsókn líta sömu lög-

málum og aðrar lögreglurannsóknir. Markmiðið sé að leiða í ljós staðreyndir máls svo ákærandi geti gert það upp við sig hvort hann höfði mál eður ei. Telji hann mál þannig vaxið að það sé ekki líklegt til að leiða til sakfellingar beri að fella það niður. „Það er rétt að áréta að sömu lögmál gilda um rannsókn á efnahagsbrotum og bankahrúni og hverju öðru, svo sem líkamsmeiðingum eða ölvunarakstri. Þetta fellur allt undir sömu málsmeðferðarlögin, lög um meðferð sakamála.“
Skipan Ólafs gildir um embættið verður lagt

niður eða það sameinað annarri ríkisstofnun, sbr. ákvæði laga um embætti sérstaks saksóknara, en þá mun hann taka við embætti sýslumanns á Akranesi að nýju.
Stuðningur við þessa vinnu
Ólafur segir útilokað að gera sér grein fyrir því hversu langan tíma verkefnið muni taka en áætlað sé samkvæmt lögum að endurmeta stöðuna í janúar 2011. „Horfi menn til þess hvað rannsóknir efnahagsbrota hérlandis og erlendis

taka að jafnaði langan tíma er þetta frekar skammur tími.“
Liðlega tvær vikur eru síðan Ólafur var skipaður í embættið og kveðst hann hafa fengið góð viðbrögð frá fólki síðan. „Það er stuðningur við það að þessi vinna sé unnin og ég merki ekki annað en það sé vilji til þess að þessir hlutir verði skoðaðir í ljósi löggæslunnar og komist verði að einhverri niðurstöðu. Hver svo sem hún verður.“
Embætti sérstaks saksóknara verður til húsa í Borgartúni 7b í Reykjavík.



Ólafur Þór Hauksson

Ekki liggur fyrir hvaða mál munu rata inn á borð hjá Ólafi Þór Haukssyni á næstu vikum en Morgunblaðið tók sér það bessaleyfi að rifja upp ýmis mál, sem fjallað hefur verið um í fjölmiðlum að undanförnu, og sérstakur saksóknari gæti þurft að taka afstöðu til.

Innherjaviðskipti
► Viðskiptin með bréf í Landsbankanum rétt fyrir hrúnið.
► Landsbankinn veitti lmon ehf., eignarhaldsfélagi í eigu Magnúsar Ármann, lán til þess að kaupa stóran hlut í bankanum sjálfum þremur dögum áður en Fjármálaeftirlitið tók yfir stjórn bankans, samkvæmt heimildum Morgunblaðsins.
► Baldur Guðlaugsson, ráðuneytisstjóri í fjármálaáætluninni, seldi hlut sinn í Landsbankanum skömmu fyrir hrúnið. Baldur starfar enn í ráðuneytinu.
► Fyrirverandi yfirmaður verðisráðgjafar Landsbankans er grunaður um að hafa nýtt sér upplýsingar sem hann hafði aðgang að sem ráðgjafi ríkisstjórnar í húsnæðismálum, til innherjaviðskipta. Hann starfar enn í bankanum.

Bakkavör
► Stjórnarformaður Bakkavavar lýsti því í sjónvarpsþætti að fyrirtækið hefði sett allt laust fé sitt, 30 milljarða króna, inn í Kaupþing skömmu fyrir bankahrún. Til að „standa vörð um bankann“. Þrutu aðalgegur Bakkavavar gegn skyldum sínum gagnvart öðrum hluthöfum með því að nota laust fé fyrirtækisins til að styrkja annað fyrirtæki, sem þeir áttu stóran hlut í?

Tryggingasjóðir
► Voru bótasjóðir tryggingarfélagana notaðir á óeðlilegan hátt?

Reglusvindl
► Svindluðu viðskiptabankarnir á reglum Seðlabanka Íslands til að geta náð í meira laust fé í gegnum svokölluðu veðlan?

Stím
► Giltir afskrifaði skuldir fyrirtækisins Stím, sem bankinn notaði til að fjárfesta í sér og í FL Group til að búa til viðskipti. Enginn hefur víkið þrátt fyrir ábyrgðarlaust lán og vafasama viðskiptahætti, að sumra dómi.

Icesave-málið
► Stofnun Icesave, lagaumgjörð og heimild til að safna gróðarlega háum innlánum með bakabýrgð Tryggingasjóðs íslenskra á innstæðueigenda.

Gíft
► Gíft, áður Samvinnuþryggingar, hefur skyndilega farið úr 30 milljónum í plús í svipað í mínus vegna þess að féð var nýtt til að sjána viðskipti með félög sem stjórnamenn tengdust eða höfðu e.t.v. tengsl við.

Ómissandi starfsmenn
► Starfsmenn Kaupþings sem stofnuðu ehf. til að færa skuldir vegna hlutabréfakaupa inn í og skella í gjaldþrot með aðstoð bankans. Stjórn Kaupþings ákvað að fella niður skuldir „ómissandi“ starfsmanna, en segist ekki ætla að gera það eftir fjölmiðlaumfjöllun.

Skattaparadís
► Atla þarf upplýsinga frá útöndum um eignir Íslendinga í skattaparadísnum.

Auðmenn
► Auðmenn sem hafa skulsettt bankana og fyrirtækin með þeim afleiðingum að efnahagskerfi þjóðarinnar er hrúnið, fá að kaupa upp bestu bitana úr þrotabúum eigin fyrirtækja og hafa stofnað sjóði til uppkaupa.

Genginu haldið uppi
► Fjármögnun bankanna á hlutabréfakaupum í þeim sjálfum til að halda uppi genginu. Þar með taldir vildarviðskiptavinir, starfsmenn og stjórnendur.

Fjármagnsflutningar
► Flutningar fjármagns frá Kaupþingi í Lundúnum til Reykjavíkur og þaðan til Lúxemborgar. Þáttur Ólafs Ólafssonar og sjéks Mohammed Bin Khalifa Al-Thani í málinu. Al-Thani átti að hafa keypt 5% hlut í Kaupþingi síðasta haust en nú eru áhöld um hvort þessi kaup hafi raunverulega átt sér stað eða hvort um málamyndagjörmir var að ræða til að ýta upp hlutabréfaverði bankans.

Hlutabréf starfsmanna Landsbankans
► Hlutabréf starfsmanna Landsbankans vistuð í Panama.

Neyðarlán til Kaupþings
► Í hvað fór neyðarlánið sem Seðlabankinn veitti Kaupþingi rétt áður en bankarnir féllu?

Birna Einarsdóttir
► Hlutabréfakaup Birnu Einarsdóttur bankastjóra og félags hennar Melkorku ehf. í Nýja Giltinu í gamla bankanum sem aldrei tóku gildi. FME hefur raunar komist að þeirri niðurstöðu að ekkert bendi til annars en að Birna og félagið hafi verið í góðri trú við kaupin.

Stöðutaka gegn krónunni
► Stöðutaka banka og viðskiptamanna þeirra gegn íslensku krónunni. Bankarnir lánuðu fólk og fyrirtækjum erlend myntkúrfúlan á meðan annars staðar í þeim var veðjað á að krónan myndi veikjast.

Peningamarkaðssjóðir
► Starfsemi peningamarkaðssjóða og hvernig þeir voru nýttir til að fjármagna (kaupa) skuldabréf í félögum tengdum bótnunum þegar öll fjármögnun var erlið? Hvernig voru peningar þeirra sem völdu þetta sparnaðarform nýttir til áhættusamra lánveitinga?

Eignarhaldsfélög erlendis
Hlutverk eignarhaldsfélaga í eigu Íslendinga sem voru vistuð erlendis, svo sem í Lúxemborg, Hollandi og svo í atlandslöndum. Var eignarhaldi haldið leyndu í vafasömum tilgangi og til að forðast flauganir í Kauphöllinni? Til að komast undan skattgreiðslum? Var upplýsingum haldið leyndum fyrir markaðsaðilum?

Ljósmynd: Vísindamenn. Grafík & uppsetning: Elín Einar